

3. nóvember, 2016

Kynning á drögum að skipulagi Jólaborpsins

Til verslana í miðbæ Hafnarfjarðar

Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar hafa verið að undirbúa Jólaborpið. Bára Kristín Þorgeirsdóttir barak@hafnarfjordur.is og Ragna Rut Magnúsdóttir ragna@hafnarfjordur.is stýra verkefninu en að baki þeim er stýrihópur með fulltrúa frá Markaðsstofu, Þjónustumiðstöð bæjarins og fleirum. Stefna ársins í ár er að halda áfram með það sem gekk vel á síðasta ári, en þá var afar góð aðsókn og verslun í miðbænum okkar var meiri en oft áður.

Hafnfirskt jólatré mun prýða þorpið í ár og markmiðið er að það verði merkur Hafnfirðingur sem tendrar það.


Jólaborpið verður formlega opnað föstudaginn 25. nóvember kl. 18:00-20:00. Þá verður kveikt á trénu auk þess sem Fjörður verður með mjög flotta dagskrá.

Jólaborpið verður opið á aðventunni á laugardögum og sunnudögum frá 12:00 til 17:00. Á opnunartíma Jólaborpsins verður Strandgötunni lokað að hluta, sjá mynd.

Markmiðið með lokun er að auðvelda gangandi gestum að ferðast auðveldlega og örugglega um Strandgötuna og Jólaborpið. Það verða söluhús við Strandgötu og á Thorsplani og ekki verjandi að hafa umferð þar. Sérstakur hestavagn Jólaborpsins mun aka um með farþega á meðan þorpið er opið. Hann mun aka um á Strandgötu (sjá meðfylgjandi mynd) og tengja alla við jólastemningu þorpsins. Hestvagninn verður staðsettur við Nýform og ferðast stöðugt með börn og fjölskyldur milli Strandgötu 11 og 31.

Við þessa lokun missum við tímabundið nokkur bílastæði á Strandgötunni og erfitt verður að aka upp að ákveðnum verslunum. Hægt verður að aka norður Linnetsstíg og beygja inn Strandgötuna til vesturs.


Lögð verður áhersla á að kynna vel fyrir akandi hvar laus bílastæði eru með uppsetningu



nýrra merkinga. Við Fjarðargötu, Linnetsstíg og Hafnarfjarðarkirkju standa eftir fjölmörg aðgengileg bílastæði, sjá mynd.

Jólaborpið verður ekki starfandi á Þorláksmessu

Staðsetning húsa í Jólaborpinu eru sýnd á mynd og verða fjögur þeirra staðsett undir klettinum við Strandgötuna. Hægt verður að nýta þau hús á öðrum tíma en opnun Jólaborpsins er með því að lána/leigja þau út.



Okkur sýnist sem svo að það sé mikil eftirspurn eftir söluhúsunum og að þau verði öll fullbókuð á starfstíma þorpsins. Allskonar áhugaverðar vörur verða til sölu og reynt verður að hafa fjölbreytni að leiðarljósi. Okkar upplýsingar gefa vísbendingu um að nánast öll verslunarrými sem snúa að Strandgötu verði í notkun í desember. Ef þið hafið einhverjar ábendingar eða athugasemdir ekki hika við að hafa samband við okkur.

Geir Bjarnason íþrótt- og tómstundafulltrúi

Ása Þórisdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Hafnarfjarðar